

Yfirlýsing: Varmársamtökin fordæma skemmdarverk

Í ljósi fréttáflutnings af atburðum næturinnar í Mosfellsbæ og ásakana verktaka í garð Varmársamtakanna teljum við nauðsynlegt að upplýsa að samtökin eiga enga aðild að þeim skemmdarverkum sem unnin voru á vinnuvélum á landi Helgafells í nótt. Varmársamtökin hafa alla tíð lagt metnað sinn í vandaðan málflutning. Ofbeldisverk samrýmast ekki á nokkurn hátt markmiðum samtakanna. Þau eru miklu fremur til þess fallin að koma í veg fyrir að við náum fram okkar jákvæðu markmiðum. Stjórn Varmársamtakanna fordæmir harðlega skemmdarverkin. Ennfremur ærumeiðandi yfirlýsingar um að samtökin hafi hvatt til þeirra.

Eitt helsta markmið Varmársamtakanna er að stuðla að auknu íbúalýðræði og þátttöku íbúa í mótun bæjarfélagsins. Í þeim tilgangi höfum við margsinnis leitað eftir samvinnu við bæjaryfirvöld. Þeirri málaleitan hefur hins vegar alfarið verið hafnað. Varmársamtökin hafa ítrekað bent á nauðsyn þess að hagsmunir íbúa og umhverfis séu settir í forgang við gerð skipulagsáætlana. Einn liður í þeirri hagsmunagæslu hefur verið að hvetja bæjaryfirvöld til að fara að lögum þegar um er að ræða framkvæmdir í bæjarfélaginu.

Helgafellsbyggingar ehf. hófu sl. mánudag framkvæmdir í Álafosskvos án framkvæmdaleyfis og deiliskipulags. Urðu þessi afar ámælisverðu vinnubrögð til þess að fólk safnaðist saman í Álafosskvos til að mótmæla sl. mánudag. Varaformaður samtakanna fjarlægði við þetta tækifæri girðingu sem búið var að reisa umhverfis vinnusvæði Helgafellsbygginga ehf. Tilgangur hans var eingöngu táknrænn og ekki til þess ætlaður að valda skemmdum.

Eitt af grundvallaratriðum lýðræðisins er réttur þegnanna til að stofna frjáls félagssamtök. Þetta gerðum við í Varmársamtökunum í góðri trú. Við teljum að bæjaryfirvöld geti leyst þann ágreining sem risið hefur í bæjarfélaginu vegna framkvæmda í Álafosskvos á farsælan hátt, þ.e. með því að ástunda lýðræðisleg vinnubrögð og sýna vilja til samvinnu við íbúa.

Það er í verkahring lögreglunnar að kanna hverjir stóðu fyrir skemmdarverkunum í nótt og er vonandi að sannleikurinn líti dagsins ljós sem allra fyrst.